

**Nr. 20-103 S 069 Páll Pálsson ÍS 102*****Skipverji slasast á fæti***

*Skipaskr.nr.*: 2904  
*IMO*: 9755543  
*Smíðaður*: Kína, 2017, stál  
*Útgerð*: Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.  
*Stærð*: 1222,0 bt  
*Mesta lengd*: 51,32 m *Skráð lengd*: 47,45 m  
*Breidd*: 12,81 m *Dýpt*: 9,67  
*Vél*: MAN, 1795 kW, 2015  
*Fjöldi skipverja*: 15



Páll Pálsson©Skipasýn

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 16. desember 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 14. ágúst 2020 var Páll Pálsson ÍS 102 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SV 12 m/s.

Skipverjar voru að taka bæði trollin en þá kom bakborðstrollið snúið inn fyrir og hífa þurfti lengjuna á stjórnborðstrollinu ofan af því. Skipverji húkkaði gilskrók í stjórnborðstrollið og var að fara til baka úr rennunni þegar hann flækti vinstri fótinn í fótrepinu á trollinu og féll í þilfarið.

***Við rannsókn kom fram:***

- að fallið var um hálfur meter;
- að það snerist upp á vinstri fótinn og hann tagnaði.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.